

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2024/EES/55/01	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 046/24/COL	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
2024/EES/55/02	Dómur dómstólsins frá 21. mars 2024 í máli E-10/22 – Eviny AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA	2
2024/EES/55/03	Dómur dómstólsins frá 21. mars 2024 í máli E-5/23 sakamáli gegn LDL	3
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2024/EES/55/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.11371 – ERAMET/SUEZ RV/TFIN/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2024/EES/55/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.11552 – TOTALENERGIES/OQ SAOC/MARSA LIQUEFIED NATURAL GAS JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2024/EES/55/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.11593 – CLEARLAKE/FRANCISCO PARTNERS/SOFTWARE INTEGRITY GROUP OF SYNOPSIS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2024/EES/55/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.11605 – ICG/DGS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2024/EES/55/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.11608 – BROOKFIELD/CASTLELAKE AGGREGATOR/CASTLELAKE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2024/EES/55/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.11611 – PAI PARTNERS/HFO GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ...	10
2024/EES/55/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11234 – GENERALI/LIBERTY SEGUROS)	11
2024/EES/55/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11448 – AGROFERT/EAST GRAIN GROUP)	11
2024/EES/55/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11514 – TRAFIGURA/GREENERGY)	12
2024/EES/55/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11554 – CVC/WORLD OF TALENTS)	12
2024/EES/55/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11557 – INGKA INVESTMENTS/IKANO BANK)	13
2024/EES/55/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11580 – EDF/GENERALI/PARCOLOG)	13
2024/EES/55/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11598 – MARUBENI/CERTAIN PARTS OF TRUSTENERGY)	14
2024/EES/55/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11606 – BLACKSTONE/MDP/AIR CONTROL CONCEPTS HOLDINGS)	14
2024/EES/55/18	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	15

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2024/EES/55/01

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	5. apríl 2024
Málsnúmer	91900
Ákvörðun	046/24/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill (og/eða heiti styrkþega)	Breytingar á norska koltvísyringstryggingakerfið - hækkun neðri eða efri verðmörk
Lagastoð	Breytingar á 6. og 10. gr. reglugerð um koltvísyrings- tryggingakerfi fyrir framleiðsluðnað í Noregi fyrir tímabilið 2021-2030 sem norska ráðuneyti loftslags- og umhverfismála mun samþykkja. Fjárlög norska ríkisins, samþykkt árlega af norska þinginu.
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Umhverfisvernd
Aðstoðarform	Beinn styrkur
Fjárhagsáætlun	2024: 6,4 milljarðar norskra króna (áætlað) Samtals: 76 milljarðar norskra króna (áætlað)
Aðstoðarhlutfall	Allt að 75%
Gildistími	1. janúar 2021 – 31. desember 2030
Atvinnugreinar	Geirar og undirgeirar í I. viðauka leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um tilteknar ríkisaðstoðar- ráðstafanir í tengslum við kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda eftir 2021
Heiti og póstaritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	The Norwegian Environment Agency P.O. Box 5672 Torgarden N-7485 Trondheim, Norway

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2024/EES/55/02

frá 21. mars 2024

í máli E-10/22

Eviny AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA

(Krafa um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA – Ríkisaðstoð – Lögmæti – Tímamörk –
Endurheimt – Meginregla um aðila sem starfa í markaðshagkerfinu – Einkakaupendapróf –
Einkaskuldarapróf – Verulegur annmarki á mati – Áreiðanleiki sönnunargagna – Sönnunarbyrði –
Sönnunarkröfur – Neikvæð ályktun – Upplýsingar frá fyrirtækjum)

Hinn 21. mars 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-10/22, Eviny AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA – KRAFA um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 161/22/COL frá 6. júlí 2022 um ríkisaðstoð í tengslum við götúlýsingarinnviði í Björgvin (Noregi). Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Bernd Hammermann og Michael Reiertsen. Dómsorðin eru svohljóðandi:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

- Ákvörðun ESA nr. 161/22/COL frá 6. júlí 2022 um ríkisaðstoð í tengslum við götúlýsingarinnviði í Björgvin (Noregi) er dæmd ógild.
- Eftirlitsstofnun EFTA greiði eigin málskostnað og málskostnað sóknaraðila.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2024/EES/55/03

frá 21. mars 2024

í máli E-5/23

sakamáli gegn LDL

(Tilskipun 2004/38/EB – Lagagerðir sem hafa almennt gildi til að vernda lýðheilsu – Skilyrði og verndarráðstafanir fyrir ráðstafanir sem gripið hefur verið til af lýðheilsuástandum – Frjáls för – Grundvallarréttindi og frjáls för – Lögmætt markmið – Framkvæmd með samræmdum og kerfisbundnum hætti – Meðalhóf í ströngum skilningi)

Hinn 21. mars 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-5/23, sakamáli á hendur LDL – BEIÐNI Hæstaréttar Noregs (*Norges Høyesterett*) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 28. og 36. gr. samningsins, og á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE. Dóminn skipuðu dómarnir Bernd Hammermann, starfandi forseti (framsögumaður), Michael Reiertsen og Gunnar Þór Pétursson (settur dómari). Dómsorðin eru svohljóðandi:

1. Skoða ber takmarkandi ráðstafanir, við aðstæður líkt og í þessu máli, með tilliti til búseturéttar í a-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Túlka ber ákvæði tilskipunarinnar í samræmi við grundvallarréttindi og fjórfrelsið sem eru hluti af almennum meginreglum EES-réttar.
2. Við aðstæður líkt og í þessu máli, er hvorki unnt að túlka 28. gr. né 36. gr. EES-samningsins á þann hátt að þau ákvæði veiti rýmri rétt en tilskipun 2004/38/EB fyrir einstakling eins og LDL til að koma og setjast að í EES-ríki, í þessu tilviki Noregi. Vegna gildissviðs a-liðar 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2004/38/EB og þeirra sérstöku aðstæðna sem tilgreindar eru í beiðninni er ekki þörf á að skoða 28. gr. EES sérstaklega.
3. Í grundvallaratriðum er ágreiningur einungis tekinn til skoðunar með tilliti til annars af tveimur frelsisákvæðum EES-samningsins, ef svo virðist sem frelsið sé að öllu leyti aukaatriði í samanburði við hitt, og hægt að skoða þau sem eitt. Við þær aðstæður sem fram koma í beiðninni er rétturinn til að þiggja þjónustu sem ferðamaður í öðru EES-ríki samkvæmt 36. gr. EES aukaatriði samanborið við rétt launþega til frjálsrar farar.
4. Takmarkanir sem byggjast á lýðheilsusjónarmiðum má, eftir aðstæðum og einkum heilbrigðisástandi, samþykka í formi almennra laga sem taka til sérhvers einstaklings í aðstæðum sem falla undir umrædd lög, án greinarmunar af nokkru tagi, á sama tíma og skilyrðum og verndarráðstöfunum er beitt í samræmi við 30. og 31. gr. tilskipunar 2004/38/EB þegar um er að ræða takmarkandi ráðstafanir með aðgerðum líkt og þessum.
5. Við athugun á því hvort takmarkanirnar sem um ræðir eru réttlætanlegar, verður að ganga úr skugga um hvort málsmeðferðarreglur 30. og 31. gr. tilskipunar 2004/38/EB hafi verið uppfylltar.
6. Ef óvissa er um tilvist eða umfang áhættu fyrir heilbrigði manna verður EES-ríki að geta gripið til verndarráðstafana, í samræmi við varúðarregluna, án þess að þurfa að biða þar til raunveruleiki þessarar áhættu kemur fyllilega í ljós og einkum verða EES-ríki að geta gripið til allra ráðstafana sem geta dregið, eftir því sem kostur er, úr áhættu fyrir lýðheilsu til að ná því markmiði að vernda lýðheilsu. Takmarkandi ráðstafanir eins og þær sem um ræðir í þessu máli geta aðeins talist færar um að tryggja lýðheilsu markmiðið sem stefnt er að ef þær endurspeglar raunverulega fyrirætlan að ná því markmiði og eru framkvæmdar með samræmdum og kerfisbundnum hætti. Landsdómstóllinn verður að ganga úr skugga um hvort framangreindar takmarkandi ráðstafanir hafi verið takmarkaðar við það sem var algjörlega nauðsynlegt og hvort til hafi verið leiðir sem hefðu í för með sér minni skaða fyrir frjálsa för fólks en jafn árangursríkar til að ná lýðheilsu markmiðinu.

7. Ekki er hægt að neita EES-riðjum um þann möguleika að ná því markmiði að vernda lýðheilsu með því að innleiða almennar og einfaldar reglur sem einstaklingar eiga auðvelt með að skilja og beita og sem lögbær yfirvöld eiga auðvelt með að stjórna og hafa eftirlit með. Slíkar almennar og einfaldar reglur verða að vera í samræmi við almennar meginreglur EES-réttar, þ.m.t. meginreglur um meðalhóf og réttarvissu. Almenn séð telst aukin fjárhagsleg byrði og stjórnsýsluerfiðleikar ekki vera ástæða sem getur réttlætt takmörkun á fjórfrelsisákvæðum EES-réttar.
8. Í ljósi frjálsrar farar getur það ekki verið lögmætt markmið í sjálfu sér að hindra fólk í að ferðast til útlanda, heldur getur það verið réttlætanleg leið til að ná því lýðheilsu-markmiði að draga úr heildar smitþrýstingi í aðstæðum á borð við þær sem um ræðir í þessu máli.
9. Að því er varðar spurninguna um meðalhóf í ströngum skilningi verður landsdómstóllinn að ganga úr skugga um hvort ráðstafanirnar hafi verið óhóflegar með tilliti til lýðheilsu-markmiðsins sem stefnt var að, að teknu tilliti til áhrifanna sem þessar ráðstafanir kunna að hafa haft á frjálsa för og grundvallarréttindi sem eru hluti af almennum meginreglum EES-réttar. Því verður markmið lýðheilsuverndar, sem er kveðið á um í 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 29. gr. tilskipunar 2004/38/EB, að samræmast grundvallarréttindum og meginreglum sem þessi innlenda ráðstöfun hefur áhrif á. Að auki verður að gæta jafnvægis þegar kemur að því að vega almannahagsmuni upp á móti þeim réttindum og meginreglum sem umrædd ráðstöfun hefur áhrif á, og gæta þess að óhagræðið sem ráðstöfunin hefur í för með sér sé ekki úr hófi miðað við þau markmið sem stefnt er að. Jafnframt verður að meta spurninguna um hvort takmörkun á frjálsri för og grundvallarréttindum sé réttlætanleg með því að meta alvarleika þeirra truflana sem slík takmörkun hafi í för með sér, og tryggja að mikilvægi þess markmiðs sem stefnt er að sé í réttu hlutfalli við þau inngríp sem ráðstafanirnar hafa í för með sér.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2024/EES/55/04

(mál M.11371 – ERAMET/SUEZ RV/TFIN/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. júlí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Eramet SA („Eramet“, Frakklandi),
- Suez RV France SA („Suez RV“, Frakklandi), undir óbeinni stjórn Suez Holding SAS (Frakklandi),
- The Future Is Neutral SAS („TFIN“, Frakklandi), undir stjórn Renault SA (France).

Eramet, Suez RV og TFIN ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir Vosges Three („aðliggjandi JV“, Frakklandi) og Relieve („fráliggjandi JV“, Frakklandi).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í tveimur nýstofnuðum fyrirtækjum sem eru sameiginleg félög.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Eramet: starfar að útdrætti og endurheimt málma um heim allan,
- Suez RV: starfar að þjónustu tengdri vatni og úrgangsstjórnun um heim allan,
- TFIN: býður upp á endurvinnslulausnir í lokaðri hringrás á öllum stigum vistferils ökutækja.

3. Atvinnustarfsemi aðliggjandi JV verður að taka í sundur úrgangsraflöður og úr sér gengnar raflöður og vinna þær í svartan massa (*e. black mass*). Atvinnustarfsemi fráliggjandi JV verður að endurheimta málsölt (nikkel, kóbalt, litíum) úr svarta massanum. Sameiginlegu félögin tvö munu saman bjóða upp á endurvinnslu í lokaðri hringrás á úr sér gengnum litíumjónuðum raflöðum úr rafknúnum ökutækjum og úrgangi.

4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.7.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11371 – ERAMET/SUEZ RV/TFIN/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.11552 – TOTALENERGIES/OQ SAOC/MARSA LIQUEFIED
NATURAL GAS JV)

2024/EES/55/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júlí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- TotalEnergies EP Oman Development B.V. („TEEPOD“, Hollandi), lýtur stjórn TotalEnergies SE („TTE“, Frakklandi),
- OQ SAOC (Óman), lýtur stjórn ríkisstjórnar Ómans fyrir milligöngu Oman Investment Authority (Oman),
- Marsa Liquefied Natural Gas LLC („Marsa LNG“, Óman).

TEEPOD og OQ SAOC ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Marsa Liquefied Natural Gas LLC („Marsa LNG“) í heild sinni.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- TEEPOD: starfar einkum að þéttingu gass í vökva og að olíuframleiðslu í Óman. TTE er alþjóðlegt orkufyrirtæki sem starfar einkum við framleiðslu og sölu á olíu og lífildsneyti, jarðgasi og grænu gasi, endurnýjanlegum orkugjöfum og raforku,
- OQ SAOC: alþjóðlegt orkufyrirtæki sem starfar við leit og framleiðslu á olíu, gasi og jarðolíu og jarðgasi.

3. Viðskiptastarfsemi Marsa LNG mun verða á sviði þróunar, byggingar og rekstrar á áfyllingarstöð með fljótandi jarðgas í Óman, sem mun afhenda fljótandi jarðgas sem eldsneyti til skipa.

4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.7.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11552 – TOTALENERGIES/OQ SAOC/MARSA LIQUEFIED NATURAL GAS JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.11593 – CLEARLAKE/FRANCISCO PARTNERS/SOFTWARE
INTEGRITY GROUP OF SYNOPSIS)

2024/EES/55/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Clearlake Capital Group, L.P. („Clearlake“, Bandaríkjum Ameríku),
- Francisco Partners Management LP („Francisco Partners“, Bandaríkjum Ameríku),
- The Software Integrity Group of Synopsys, Inc. („markfyrirtækið“, Bandaríkjum Ameríku).

Clearlake og Francisco Partners ná í sameiningu yfirráðum í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir markfyrirtækinu.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Clearlake: einkafjárfestingarfyrirtæki með eignarhald á fyrirtækjum í eignasöfnum sem fást við þjónustu sem byggist á hugbúnaði og tækni, orku og iðnaði, matvæla- og neysluvörum,
- Francisco Partners: fyrirtæki sem á hlutafé í óskráðum félögum, sem leggur áherslu á fjárfestingar í hugbúnaði og fyrirtækjum sem byggja á tækni,
- Markfyrirtækið: einn starfsþáttur Synopsys, Inc., sem býður upp á hugbúnaðartól og -þjónustu til öryggisprófunar á lausnum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.7.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11593 – CLEARLAKE/FRANCISCO PARTNERS/SOFTWARE INTEGRITY GROUP OF SYNOPSIS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2024/EES/55/07

(mál M.11605 – ICG/DGS)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Intermediate Capital Group plc („ICG“, Breska konungsríkinu),
- DGS S.p.A. („DGS“, Ítalíu), lýtur stjórn Tech Holding S.r.l. (Ítalíu).

ICG öðlast full yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir DGS í heild sinni.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ICG: alþjóðlegur stýringaraðili óhefðbundinna eigna með sérvarðar og óskráðar eignir, skuldir í einkageiranum, rauneignir og lán, staðsett í Breska konungsríkinu og með starfsemi í Evrópu, Asíu og Eyjaálfu og Bandaríkjunum,
- DGS: veitandi upplýsingatækniþjónustu og lausna fyrir tölvuöryggi og stafræna umbreytingu fyrirtækja, er með starfsemi á sviði hönnunar, samþættingar, framkvæmda og þróunarstýringar upplýsingatækniþjónu og viðskiptalausna, að jafnaði fyrir fyrirtæki og opinberar stofnanir.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.7.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11605 – ICG/DGS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.11608 – BROOKFIELD/CASTLELAKE AGGREGATOR/CASTLELAKE)

2024/EES/55/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Brookfield CL Holdings LLC („CL Holdings“, Kanada), lýtur óbeinni stjórn Brookfield Corporation („Brookfield“, Kanada),
- Castlelake Management Aggregator, LLC („Castlelake Aggregator“, Bandaríkjunum Ameríku),
- Castlelake Group GP, LLC. („Castlelake“, Bandaríkjunum Ameríku).

Brookfield og Castlelake Aggregator ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Castlelake í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum og með samningum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Brookfield: alþjóðlegur eignastýringaraðili með höfuðstöðvar í Toronto, Kanada, sem býður upp á ýmsar fjárfestinga-afurðir og -þjónustu fyrir opinbera aðila og einkaaðila, með áherslu á endurnýjanlega orku og umbreytingu, innviði, óskráð hlutabréf, fasteignir og tryggingar,
- Castlelake Aggregator: nýstofnaður aðili, staðsettur í Bandaríkjunum, sérstaklega stofnaður vegna hinna fyrirhuguðu viðskipta og er undir yfirráðum núverandi stjórnar Castlelake,
- Castlelake: alþjóðlegt fjárfestingafyrirtæki með óhefðbundnar eignir, staðsett í Bandaríkjunum, sem sérhæfir sig í að uppgötva og leita eftir fjárfestingarmöguleikum með miklar eignir og gott sjóðstreymi á mörkuðum fyrir sérhæfða fjármögnun, rauneignir og einkaflugrekstur.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.7.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11608 – BROOKFIELD/CASTLELAKE AGGREGATOR/CASTLELAKE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.11611 – PAI PARTNERS/HFO GROUP)**

2024/EES/55/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. júlí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- PAI Partners S.à r.l. („PAI Partners“, Lúxemborg), dótturfélag sem er alveg í eigu PAI Partners SAS (Frakklandi),
- Health Facilities Operations-rekstur („HFO Group“, Þýskalandi) á vegum Vamed AG, endanlega undir stjórn Fresenius SE & Co. GaA (Þýskalandi).

PAI Partners nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir HFO Group.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- PAI Partners: óskráð félag sem stjórnar nokkrum fjölda sjóða sem fjárfesta í geirum viðskiptaþjónustu, matvæla, neysluvöru, almenns iðnaðar og heilbrigðisþjónustu.
- HFO Group: fyrirtæki sem rekur heilbrigðisstofnanir og starfar í Austurríki, Tékklandi, Þýskalandi, Sviss og Breska konungsríkinu og býður upp á endurhæfingarþjónustu á bæði göngudeildum og legudeildum ásamt annarri heilbrigðisþjónustu, svo sem forvarnarlæknisfræði- og hjúkrunarþjónustu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.7.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11611 – PAI PARTNERS/HFO GROUP

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2024/EES/55/10****(mál M.11234 – GENERALI/LIBERTY SEGUROS)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. janúar 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11234. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2024/EES/55/11****(mál M.11448 – AGROFERT/EAST GRAIN GROUP)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11448. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11514 – TRAFIGURA/GREENERGY)

2024/EES/55/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. júlí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11514. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11554 – CVC/WORLD OF TALENTS)

2024/EES/55/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11554. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11557 – INGKA INVESTMENTS/IKANO BANK)

2024/EES/55/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. júlí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11557. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11580 – EDF/GENERALI/PARCOLOG)

2024/EES/55/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. júlí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11580. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11598 – MARUBENI/CERTAIN PARTS OF TRUSTENERGY)

2024/EES/55/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. júlí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11598. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11606 – BLACKSTONE/MDP/AIR CONTROL CONCEPTS HOLDINGS)

2024/EES/55/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. júlí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11606. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins

2024/EES/55/18

Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við

Málsnúmer	Aðildarríki	Landssvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Upplýsingarnar birtust (birtingartilvísun í Stjtið. ESB)
SA.107520	Frakkland		Aides aux investissements dans les exploitations agricoles liées à la production primaire	C/2024/3529, 4.6.2024
SA.112539	Spánn	Spain	PESCA- Ayudas a las empresas del sector de la transformación de productos de la pesca y acuicultura (MRR)	C/2024/3530, 4.6.2024
SA.107414	Þýskaland	Sachsen	Sachsen - Förderung von Netzwerken und Kooperationen für eine nachhaltige Landwirtschaft und zur Stärkung ökologischer und regional erzeugter landwirtschaftlicher Produkte (FRL WIN/2023)	C/2024/3533, 5.6.2024
SA.112221	Eistland		TCTF: Support for connection to the transmission and distribution networks of renewable electricity generating installations in industrial sites	C/2024/3552, 6.6.2024
SA.111602	Þýskaland	Niedersachsen	Niedersachsen: Richtlinie über die Gewährung von Zuwendungen zur Förderung des Gelege- und Kükensschutzes von Wiesenvögeln auf Grünlandflächen in Niedersachsen (Richtlinie 'Wiesenvogelschutz Grünland – WieVoSch') (NI)	C/2024/3553, 6.6.2024
SA.113684	Malta		TCTF: Fertiliser Scheme to Land Farmers (Third amendment to SA.103449 (2022/N))	C/2024/3559, 7.6.2024
SA.112984	Frakkland		TCTF: Fonds d'urgence en faveur des exploitations viticoles impactées par les conséquences de l'agression de la Russie contre l'Ukraine	C/2024/3561, 7.6.2024
SA.109418	Pólland		Amendment to the liquidation aid to Getin Noble S.A. in resolution (SA.100687)	C/2024/3562, 7.6.2024
SA.102430	Frakkland			C/2024/3636, 7.6.2024
SA.63176	Belgía	Region Wallonne	Régime wallon de certificats verts	C/2024/3637, 7.6.2024
SA.114165	Ítalía	Abruzzo	Reintroduzione del caso SA.108490 (2023/N) - Regime Abruzzo TCTF per il sostegno alla transizione verso nuovi assetti imprenditoriali e produttivi post crisi bellica	C/2024/3678, 11.6.2024
SA.112450	Króatía	Panonska Hrvatska, Jadranska Hrvatska, Sjeverna Hrvatska, Grad Zagreb	Limited amounts of aid for work intensive sectors – aid for Reduction of working time	C/2024/3712, 13.6.2024

SA.112932	Ítalía		Reintroduzione di un regime di aiuti a sostegno del trasporto integrato nella provincia di Trento	C/2024/3825, 14.6.2024
SA.111898	Rúmenía	Romania	TCTF: Susținerea activității crescătorilor din sectorul bovinelor de carne și al bubalinelor, în contextul crizei provocate de agresiunea Rusiei împotriva Ucrainei	C/2024/3848, 18.6.2024
SA.106299	Króatía		RRF - Expansion of the LNG Terminal on the island of Krk	C/2024/3858, 19.6.2024
SA.112855	Ítalía		Aiuti a favore della trasformazione digitale di emittenti, imprese editoriali e agenzie di stampa - modifica del regime SA.106114	C/2024/3862, 20.6.2024
SA.112854	Ítalía		Aiuti a favore degli editori di quotidiani e periodici - Modifica dell'aiuto SA.106115	C/2024/3863, 20.6.2024
SA.112781	Þýskaland	Baden-Württemberg	Baden-Württemberg: Naturparke	C/2024/3865, 20.6.2024
SA.106361	Frakkland		Aid to Verkor for the Veymont project	C/2024/3871, 20.6.2024
SA.55953	Slóvakía	Západné Slovensko, Bratislavský, Stredné Slovensko, Východné Slovensko	Primeraná náhrada nákladov vyvolaných zmenou individuálneho povolenia	C/2024/3799, 28.6.2024
SA.114064	Búlgaría		TCTF: 'Помощ в подкрепа на ликвидността на земеделски стопани, производители на зърнени и маслодайни култури, за преодоляване на негативното икономическо въздействие на руската агресия срещу Украйна' (First amendment to SA.112832 (2024/N))	C/2024/3956, 24.6.2024
SA.109806	Spánn	Cataluña	Ayudas para las centrales frutícolas que comercializan fruta dulce y almendra afectadas por las heladas de abril de 2022	C/2024/3960, 24.6.2024
SA.108800	Þýskaland	Germany	SA.108800 - Richtlinie zur Förderung des Schienengüterverkehrs über eine anteilige Finanzierung der Betriebskosten im Einzelwagenverkehr [BMDV]	C/2024/3976, 25.6.2024
SA.112829	Frakkland		TCTF: Deuxième dispositif exceptionnel de prise en charge des pertes économiques des filières agricoles spécialisées dans la production biologique engendrées par les conséquences de l'agression de la Russie contre l'Ukraine	C/2024/3983, 26.6.2024
SA.58825	Finnland		COVID-19 Damage compensation to passenger car ferry companies	C/2024/3984, 26.6.2024
SA.111720	Ítalía	Sardegna	Aiuti per l'avviamento di nuove rotte aeree da/verso gli aeroporti della regione Sardegna	C/2024/3988, 26.6.2024

SA.107695	Tékkland		DP 8.F.d. Podpora vybraných opatření zaměřených proti šíření nákaz prasat zvýšením biologické bezpečnosti	C/2024/4203, 2.7.2024
SA.114029	Ungverjaland		TCTF: Hungarian umbrella scheme to support companies in context of Russia's invasion of Ukraine (sixth amendment to case SA.103089 (2022/N))	C/2024/4204, 2.7.2024
SA.113894	Pólland		TCTF: Pomoc dla producenta zbóż, któremu zagraża utrata płynności finansowej w związku z ograniczeniami na rynku spowodowanymi agresją Federacji Rosyjskiej wobec Ukrainy	C/2024/4205, 2.7.2024
SA.113950	Frakkland	Rup Fr — Régions Ultrapériphériques Françaises	TCTF: Dispositif d'indemnisation exceptionnelle forfaitaire à l'hectare pour les productions locales de fruits et légumes (hors banane dessert destinée à l'export ou au marché local dans les Antilles) dans les départements et régions d'outre-mer et à Saint-Martin touchées par la hausse de leurs charges en intrants en 2023, engendrée par les conséquences de l'agression de la Russie contre l'Ukraine	C/2024/4260, 3.7.2024
SA.108368	Tékkland	Severovýchod, Severozápad, Střední Morava, Moravskoslezsko, Jihovýchod, Jihozápad, Praha	Support for electricity from high-efficiency combined heat and power generation	C/2024/4262, 3.7.2024
SA.108449	Spánn	Spain	Spain AGRI - Guarantee methodology MAPA-SAECA - Guarantee Notice	C/2024/4265, 3.7.2024
SA.114616	Ítalía		TCTF: Amendments to the scheme SA.103289, as amended by SA.104962 and SA.110596	C/2024/4270, 4.7.2024
SA.114100	Rúmenía		TCTF: Sprijinirea întreprinderilor care își desfășoară activitatea în domeniul producției primare de produse agricole vegetale (First amendment to SA.111997 (2024/N))	C/2024/4280, 4.7.2024
SA.114099	Rúmenía		TCTF: Susținerea activității crescătorilor din sectorul suin și avicol (First amendment to SA.112165 (2024/N))	C/2024/4282, 4.7.2024
SA.114257	Þýskaland		TCTF: Verlängerte BKR-Bundesregelung Kleinbeihilfen 2022 (Vierte Änderung von SA.102542 (2022/N))	C/2024/4284, 5.7.2024
SA.110386	Þýskaland	Baden-Württemberg	Baden-Württemberg: Förderung Handarbeitsweinbau	C/2024/4285, 5.7.2024
SA.114177	Búlgaría		TCTF: 'Помощ в подкрепа на разходи за вода за напояване при отглеждане на земеделски култури' (First amendment to SA.113441 (2024/N))	C/2024/4286, 5.7.2024

SA.113308	Ungverjaland		Erdőterületeknek nyújtott Natura 2000 kompenzációs kifizetések	C/2024/4288, 5.7.2024
SA.113879	Írland		20th Prolongation of the Credit Union Resolution Scheme under the Central Bank and Credit Institutions (Resolution) Act 2011	C/2024/4345, 5.7.2024
SA.106028	Spánn	Guipuzcoa	Gipuzkoa Tonnage tax scheme	C/2024/4349, 5.7.2024
SA.112782	Frakkland		Réintroduction du régime d'aide à l'investissement des petits et moyens aéroports français	C/2024/4283, 8.7.2024
SA.105880	Ítalía		Renewable Energy Scheme 2024 (FER II)	C/2024/4359, 8.7.2024
SA.114027	Spánn		TCTF: National Guarantee Scheme (fifth amendment to case SA.102711 (2022/N))	C/2024/4364, 8.7.2024
SA.114028	Spánn		TCTF: Umbrella Scheme (fourth amendment to case SA.102771 (2022/N))	C/2024/4369, 8.7.2024
SA.110962	Þýskaland	Bayern	Bayern: Wiederaufbau von Steinmauern in Weinbausteillagen (KULAP – I86)	C/2024/4370, 8.7.2024
SA.104269	Ítalía	Sicilia	RRF: LIP - Regional investment aid (RRF) to 3SUN	C/2024/4372, 8.7.2024
SA.112783	Frakkland		Réintroduction du régime d'aide au démarrage des compagnies aériennes au départ des petits et moyens aéroports français	C/2024/4373, 8.7.2024
SA.114178	Kýpur		TCTF: State aid scheme for the support of the potato sector (First amendment to SA.112481 (2024/N))	C/2024/4391, 9.7.2024
SA.107936	Þýskaland	Dithmarschen	TCTF: Aid to Northvolt Germany GmbH	C/2024/4396, 10.7.2024
SA.114311	Ítalía		TCTF: Guarantees on loans in favour of agricultural, forestry, fishery and aquaculture undertakings having experienced an increase in energy costs (Fourth amendment to SA.103166 (2022/N))	C/2024/4397, 10.7.2024
SA.114355	Niðurlönd		TCTF: Scheme for subsidy additional financing for eco-activities in the context of the crisis caused by Russia's aggression against Ukraine (First amendment to SA.112447 (2024/N))	C/2024/4401, 10.7.2024
SA.45844	Slóvenía		Slovenian Healthcare system	C/2024/4421, 11.7.2024
SA.113164	Þýskaland	Hessen	Hessen: Pheromoneinsatz im Weinbau - E.1	C/2024/4422, 11.7.2024
SA.112476	Þýskaland	Niedersachsen	Niedersachsen: Trinkwasserschutz - Freiwillige Vereinbarungen auf Flächen der landwirtschaftlichen und erwerbsgärtnerischen Bodennutzung (NI)	C/2024/4423, 11.7.2024

SA.109761	Niðurlönd		NL-EZK_DGKE_E_Investerings-subsidie maakindustrie klimaatneutrale economie	C/2024/4424 , 11.7.2024
SA.107140	Frakkland		Régime d'aide à la modernisation et à la création d'installation terminales embranchées (ITE)	C/2024/4489 , 12.7.2024

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: <https://ec.europa.eu/competition/elojade/isef/index.cfm>